



Árnesi, 19. nóvember 2025

Mál nr. M202504-0031

Umsögn til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis vegna þingskjal 291 - 229. mál. Frumvarp til lagaum breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og raforkulögum (orkuöflunarstefna, aukin skilvirkni o.fl.).

Fyrir hönd sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps þakka ég fyrir að fá að koma á framfæri umsögn er snýr að fyrirhuguðum breytingum á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011.

Samkvæmt 3. mgr. 3.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru það sveitarstjórnir sem annast gerð svæðis, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Þær fjalla um leyfisumsóknir og veita framkvæmdaleyfi og hafa eftirlit með framkvæmd skipulagsáætlana og framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum.

Með setningu laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 var skipulagsvald tengt orkumannvirkjum með uppsett rafafli yfir 10MW tekið af sveitarfélögunum. Færa má rök fyrir því að slíkt hafi verið nauðsynlegt með tilliti til að tryggja orkuöryggi landsins. Þó verður að hafa í huga að slíkt inngrip í skipulagsvald sveitarfélaga er gríðarlega mikið inngrip og gæta þurfi meðalhófs í samræmi við 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 en þar kemur fram að stjórnvald skal aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn beri til.

Að mati sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er ekki hægt að sjá að leitast hafi verið eftir að ná þeim markmiðunum með öðru og vægara móti, þegar skipulagsvald orkumannvirkja var tekið af sveitarfélögum með setningu laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Í þeim breytingum sem nú liggja fyrir er tekið fram að eftirfarandi breytingar skuli gera á 7. laganna. Breytingin er tilgreind á þennan hátt:

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 7. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „tíu“ í 1. másl. kemur: sex.

b. Í stað orðanna „þriggja ára“ í 4. másl. kemur: eins árs.

Í núgildandi lögum er 7. gr. laganna eftirfarandi:

▪ **7. gr. Skipulagsáætlanir.**

Verndar- og orkunýtingaráætlun er bindandi við gerð skipulagsáætlana.

Sveitarstjórnir skulu samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar- og orkunýtingaráætluninni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar, sbr. þó 2. mgr.

Sveitarstjórnnum er heimilt að fresta ákvörðun um landnotkun samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun í allt að tíu ár og skal tilkynna slíka ákvörðun til Skipulagsstofnunar innan árs frá samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlunar. Skal meðan fresturinn stendur fara með þann kost eins og kosti í biðflokki. Að



fresti liðnum skal skipulag viðkomandi svæðis samræmt þágildandi verndar- og orkunýtingaráætlun. Sveitarstjórn getur þó óskað eftir heimild Skipulagsstofnunar til þess að fresta að hámarki til þriggja ára í viðbót ákvörðun um landnotkun enda séu fyrir því gildar ástæður. Áður en Skipulagsstofnun tekur afstöðu til erindis sveitarstjórnar skal hún óska umsagnar verkefnisstjórnar skv. 8. gr. um erindið. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um frestun er ekki kæránleg til [þess ráðherra er fer með skipulagsmál].¹⁾

Að mati sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er því framlögð breyting ekki fallin til þess að auka traust á milli ríkis og sveitarfélaga þegar kemur að uppbyggingu orkumannvirkja.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrár Íslands kemur fram að allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Í 78. gr. stjórnarskrár Íslands kemur fram að sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða ásamt því að tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps gerir alvarlegar athugasemdir við það að enn frekar eigi að vega að skipulagsvaldi sveitarfélaga meðan enn er við lýði undanþága orkumannvirkja frá lögbundnum tekjustofni sveitarfélaga, fasteignaskatti, sem samkvæmt 78. gr. stjórnarskrá Íslands sveitarfélög hafa rétt á að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.

Meðan undanþága orkumannvirkja frá fasteignamati er enn við lýði er það mat sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps að framangreindar breytingar á lögum standist ekki lög og brjóti bæði stjórnsýslulög og stjórnarskrá Íslands.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps vill því leggja fram til Umhverfis- og samgöngunefndar að hún geri þær breytingar á frumvarpinu að 7. gr. laga nr. 48/2011 verðir felld að fullu úr lögum.

Með slíkri breytingu myndi Alþingi sýna skýran vilja í því að tryggja sameiginlega hagsmuni ríkis og sveitarfélaga þegar kemur að orkumannvirkjum. Ríkisstjórnin hefur boðað að afnema eigi undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamatsskyldu og er slíkt mál á þingmálaskrá í febrúar 2026. Það myndi það auka skilvirkni laganna enn frekar að skila skipulagsvaldinu aftur til sveitarfélaganna. Reynsla rammaáætlunar hefur sýnt að mesti ágreiningur um orkunýtingarkosti hefur verið á Alþingi en ekki í sveitarfélögum.

Að lokum vill sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps áréttta að uppbygging grænnar orkuvinnslu er samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps ítrekar fyrri umsagnir til Umhverfis- og samgöngunefndar sem sýna fram á þá staðreynd að efnahagslegur ávinningur sveitarfélaga af orkumannvirkjum er ekki til staðar í núverandi lagaumgjörð.



Ég myndi vilja óska eftir að fá að koma fyrir Umhverfis- og samgöngunefnd til að fylgja þessari umsögn eftir. Mikilvægt er að fá að koma sjónarmiðum Skeiða- og Gnúpverjahrepps skýrt á framfæri fyrir nefndinni.

F.h. sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Haraldur Þór Jónsson
Oddviti